

Búnaðarsamtök Vesturlands



Aðalfundur 2013

Aðalfundargerð

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands 2013

Hótel Brú 11. apríl

Dagskrá

Kl. 11.00

1. Fundur settur, skipan starfsmanna.
2. Skýrsla formanns Guðnýjar H. Jakobsdóttur.
3. Ávarp gesta.
4. Afgreiðsla kjörbréfanefndar.
5. Ársreikningur lagður fram.

Matarhlé

6. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsmanna og um reikninga.
7. Afgreiðsla reikninga.
8. Samstarfssamningur við Búnaðarsamband Vestfjarða kynntur
9. Starfsumhverfi bænda – öryggismál og heilsuvernd

Guðmundur Hallgrímsson

10. Tillögur lagðar fram
11. Nefndastörf
12. Afgreiðsla mála
13. Kosning stjórnar og varastjórnar
14. Kosning skoðunarmanna og endurskoðenda
15. Önnur mál
16. Fundarslit

1. Fundarsetning

Fimmtudaginn 11.apríl 2013 var aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hótel Brú í Hvalfjarðarsveit. Fundinn setti formaður BV, Guðný H. Jakobsdóttir og bauð hún fundarmenn velkomna. Guðný gerði að tillögu sinni að Jón Valgarðsson og Þórhildur Þorsteinsson yrðu fundarstjórar. Var sú tillaga samþykkt og það formaður fundarstjóra að taka við stjórn fundarins. Jón Valgarðsson tók við stjórn fundarins og lagði til að ritarar yrðu Anton Torfi Bergsson, Lárus G. Birgisson og Inveldur H. Ingibergsdóttir. Var það samþykkt.

Fundarstjóri skipaði í kjörbréfanefnd þá Kristján Magnússon, Guðna Eðvarðsson og Arnar Eysteinnsson.

2. Skýrsla formanns

Formaður BV Guðný H. Jakobsdóttir flutti skýrslu um starf stjórnar á sl. ári:

Á síðasta ári var rekstur Búnaðarsamtaka Vesturlands gerður upp með tapi upp á kr. 2.746.181.- Það er engin ein megin ástæða fyrir þessari rekstrarniðurstöðu en hins vegar er það íhugunarvirði, þegar samtök eins og okkar, sem rekin eru á félagslegum grunni og hafa því ekki þann tilgang að „græða“ pening, eru skoðuð þá eru fjárhagsáætlanir okkar alltaf varkárar og gera ekki ráð fyrir miklum tekjuafgangi. Þá verður um leið lítið þol fyrir því ef eitthvað óvænt kemur upp á, t.d. getur ein óvænt viðgerð á bíl sett þann lið fjárhagsáætlunar úr skorðum og þá þarf að bæta það upp annars staðar.

Starfsemi BV var með hefðbundnu sniði á síðasta ári og urðu stjórnarfundir 7 talsins. Þetta ár litaðist þó óhjákvæmilega mikið af endurskoðuninni á leiðbeiningaþjónustunni. Stjórn BV og starfsfólk funduðu með Ágústi Þorbjörnssyni hjá ráðgjafarfyrirtækinu Framsækni ehf, hann fór á allar starfstöðvar búnaðarsambanda og talaði við stjórnarmenn og ekki síst starfsfólk, til að reyna að kalla fram allar hugmyndir og skoðanir fólks í þessu stóra máli.

Ég fór á 2 fundi með formönnum búnaðarsambanda á haustmánuðum, haldinn var formannafundur BV, þar sem búnaðarþingsfulltrúum á starfssvæðinu var jafnframt boðið. Umfjöllunarefnið á öllum þessum fundum voru breytingar á leiðbeiningaþjónustunni.

Stjórn og starfsfólk BV sat saman bráðskemmtilegt námskeið hjá Jóhanni Inga sálfræðingi, sem hann kallaði „Árangursrík liðsheild“

Í tengslum við framkvæmdastjóranskiptin sat stjórn starfsmannafund BV í ágúst síðastliðnum.

Á aukabúnaðarþingi sem haldið var 29. október sl. var samþykkt að stofna eitt fyrirtæki um alla ráðgjafarþjónustu í landinu. Megintilgangur hins nýja félags er að allir bændur landsins eigi kost á sambærilegri ráðgjöf af sömu gæðum, óháð búsetu. Jafnframt að skapa ráðunautum eftirsóknarverðar og góðar starfstöður með tækifærum á að nýta sína sérþekkingu og stunda þannig öfluga leiðbeiningaþjónustu fyrir bændur.

Kosin var stjórn fyrir hið nýja fyrirtæki og í henni voru Guðbjörg Jónsdóttir frá Læk, Sveinn Sæland frá Espiflöt, Guðmundur Bjarnason frá Svalbarði og ég. Stjórnarformaður er framkvæmdastjóri BÍ á hverjum tíma og nú er það Eiríkur Blöndal. Jafnframt starfaði varastjórn félagsins með aðalstjórninni fram til búnaðarþings 2013, í henni voru Guðrún Lárusdóttir frá Keldudal, Björn Halldórsson frá Akri, Sindri Sigurgeirsson frá Bakkakoti og Jóhannes Sveinbjörnsson frá Heiðarbæ.

Mikið starf fór fram þessar næstu vikur enda skyldi félagið, sem fékk nafnið Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf., hefja rekstur 1. janúar 2013.

Ráðið var í stjórnendastöður í lok desember og var Karvel L. Karvelsson ráðinn framkvæmdastjóri. Á nýju ári fluttust aðrir starfsmenn yfir í hið nýja fyrirtæki með því að RML, yfirtók ráðningarsamninga þeirra frá búnaðarsamböndunum og Bændasamtökum Íslands. Nú í dag eru um 50 starfsmenn starfandi á vegum RML á starfstöðvum út um allt land. RML leigir bæði bíla og starfsaðstöðu af búnaðarsamböndunum.

Búnaðarsamtök Vesturlands leigja nú út meiripart skrifstofuhúsnæðis síns, eða 10 starfstöðvar. Varðandi bílamálin þá er það ljóst að með tíð og tíma mun RML kaupa sína bíla sjálf og því mun fækka í bílaflota BV þegar fram líða stundir. Auðvitað fylgir öllum breytingum óvissa og óryggi en þegar allir vinna saman af fullum heilindum er hægt að leysa úr öllum málum. Í breytingum felast líka tækifæri, ekki bara fyrir nýtt fyrirtæki, heldur einnig fyrir búnaðarsamböndin og Bændasamtökin sem nú standa frammi fyrir breyttum áherslum í starfsemi sinni. Óneitanlega hefur leiðbeiningaþjónustan verið mjög ráðandi þáttur í allri starfsemi búnaðarsambandanna og nú er það okkar að marka okkur braut til framtíðar. Þáttur í því er tillaga sem kynnt verður hér síðar í dag og fjallar um vinnuvernd og áhættumat á bændabýlum. Einnig er starfandi samstarfshópur á vegum búnaðarsambandanna og Bændasamtaka um félagsstarfið og verkefnið sem eftir eru. Skal þessi nefnd skila af sér fyrir árslok 2013. Skulu niðurstöður nefndarinnar teknar til umræðu á Búnaðarþingi 2014 og aðalfundum allra búnaðarsambanda. Fyrir okkar hönd situr Guðmundur Sigurðsson í nefndinni.

Miklar breytingar hafa orðið á starfsmannamálum á síðasta starfsári og ber þar fyrst að nefna að framkvæmdastjóraskipti urðu í ágúst 2012. Sigríður Jóhannesdóttir sagði starfi sínu lausu í byrjun júlí þar sem hún og fjölskylda hennar ákváðu að flytja á Gunnarsstaði og hefja þar sauðfjárbúskap. Hún hafði verið í fæðingarorlofi fyrrihluta ársins og kom í júlí til að ganga frá málum sem þörfuðust úrlausna áður en hún hætti störfum í lok mánaðarins. Á meðan á fæðingarorlofi hennar stóð gegndi Helga Halldórsdóttir störfum framkvæmdastjóra, ásamt því að ég var til taks ef á þurfti að halda.

Um miðjan ágúst réðum við til starfa nýjan framkvæmdastjóra, Guðmund Sigurðsson, hann kom í tæplega 50% starf. Helga sá um daglega stjórnun á skrifstofu og starfsfólki.

Í byrjun janúar urðu svo stóru umskiptin í starfsmannamálunum þegar allir ráðunautar ásamt 2 af skrifstofunni fluttust yfir í RML. Fyrst ber að geta þess að Helga Halldórsdóttir skrifstofustjóri sótti um starf verkefnisstjóra þróunar og samskipta hjá RML og fékk hún þá stöðu. Fimm ráðunautar fluttust yfir, Árni B. Bragason, Friðrik Jónsson, Lárus Birgisson, Lena Reiher og Sigurður Jarlsson. Einnig fluttist Oddný Kristín Guðmundsdóttir yfir í skrifstofustarf hjá RML.

Eftir á skrifstofunni hjá BV eru Torfi Bergsson, Ingveldur Ingibergsdóttir, Guðmundur Hallgrímsson og Guðmundur Sigurðsson. Áfram rekum við sæðingastöðvarnar okkar í nautgriprækt og sauðfjárrækt eins og verið hefur og hafa engar breytingar orðið í starfsmannahaldi þar. Bókhaldsþjónustan okkar á góðu róli og eru í dag á milli 70-80 viðskiptavinir þar. Hitann og þungan af daglegum rekstri skrifstofunnar bera nú Ingveldur og Torfi. Öllu þessu góða fólki þakka ég fyrir hönd okkar bænda á Vesturlandi, ákaflega gott og farsælt samstarf, um leið og ég óska þeim velfarnaðar í nýjum störfum. Mig langar að þakka Sigríði fráfarandi framkvæmdastjóra, sérstaklega gott og ánægjulegt samstarf og óska henni og fjölskyldu hennar alls hins besta í nýjum störfum í Þistilfirði. Skrifstofustjóranum okkar, henni Helgu, óska ég farsældar í nýju starfi um leið og ég þakka langt og farsælt starf hennar í þágu bænda á Vesturlandi öllu.

Við breytingu þá sem varð um áramót þá féllu í raun úr gildi samstarfssamningar okkar við bæði Kjalnesinga og Vestfirðinga. Við höfum nú þegar gert nýjan samninga við Búnaðarsamband Vestfjarða og erum í viðræðum við Kjalnesinga. Ég tel að það sé mikilvægt að við höldum áfram að starfa saman og þó að landslagið sé breytt þá hafa búnaðarsamböndin ennþá lögbundnum verkefnum að gegna og við eigum að vera öflugur hagsmunagæsluadili fyrir bændur, kannski hefur það hlutverk fallið dálítið í skuggann á síðustu árum.

Samningar okkar við Kjalnesinga og Vestfirðinga eru gerðir með fyrirvara um samþykki aðalfunda beggja aðila. Síðar í dagskránni mun ég kynna samninginn við Vestfirðinga og leita samþykkis ykkar fyrir honum.

Starfsfólki Búnaðarsamtaka Vesturlands eru hér færðar þakkir fyrir þeirra störf, sem unnin eru af trúmennsku og áhuga. Bændum á Vesturlandi, Vestfirðum og Kjalarnesi eru færðar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. Samstarfsfólki mínu í stjórn BV þakka ég góða samvinnu. Um leið og ég þakka framkvæmdastjóra Guðmundi Sigurðssyni fyrir ánægjulegt samstarf, býð ég hann hjartanlega

velkominn aftur til starfa hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands. Bændur á Vesturlandi hafa áratuga langa reynslu af góðu samstarfi við hann.

3.Ávarp gesta.

Eiríkur Blöndal færði kveðju formanns Bændasamtaka Ísland og Eiríkur skýrði frá nýrri stjórn BÍ sem væri tekin til starfa. Helstu viðfangsefnin framundan eru úrvinnsla Búnaðarþingsmála, umræða um tolla og aukinn innflutning sem og alþingiskosningarnar sem eru framundan.

Á búnaðarþingi var meðal annars fjallað um vinnuverndarmál bænda og er nú þegar hafið samstarf við BV um það verkefni. Veigamesta verkefni ársins af hálfu BÍ er endurskoðun á félagskerfi bænda, sem þarf að verða einfaldara, skilvirkara og ódýrara. Skipaður hefur verið stýrihópur sem þarf helst að klára þessa vinnu fyrir næsta búnaðarþing.

Innflutningur á hráu kjöti er nú í brennidepli og á hádegisverðarfundi hjá BÍ mættu um 120 manns þar sem fjallað var um innflutning á hráu kjöti, kynnt sú áhætta er því fylgir og hugsanlegar afleiðingar, Eiríkur sýndi nokkrar glærur frá þeim fundi. Eiríkur vill meina að við eigum að geta varist innflutningi og haldið tollverndinni. BÍ hafa boðið norskum sérfræðingi að koma og halda erindi þann 15. apríl nk. um þessi mál og hvatti menn til að mæta þar.

Annað: Fór yfir helstu breytingar í kjölfar stofnunar RML. Hver er framtíð Búnaðarsamtakanna ? Spurning sem ekki er enn vitað svar við. Ræddi lauslega um þau verkefni sem nú eru eftir hjá Búnaðarsamtökunum og hvaða möguleikar eru til framtíðar.

Nýjar reglur um framlög til jarðræktar liggja fyrir, nú verða veitt framlög 17.000.- kr/ha fyrir fyrstu 30ha í ræktun, 12.000.- kr/ha fyrir næstu 30ha. Nýtt framlag til skurðahreinsunar á affallskurðum kr 125.000.- á hvern km, gildir aðeins ef grafið er meira en 100m.

Karvel Karvelsson kynnti tilurð Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, forsagan sú að samþykkt var á Búnaðarþingi 2012 að stofna félag um leiðbeiningaþjónustu bænda. Markmiðið, að allir bændur eigi kost á sambærilegri þjónustu án tillits til búsetu eða búgreinar. Starfsstöðvar eru dreifðar um landið. Hann kynnti stjórn félagsins og starfsmenn sem stýra fagsviðum RML. Karvel talaði um að fyrstu skrefin hafi gengið nokkuð vel en mikill tími farið í breytingar á tölvu og símakerfi til að flæði verði sem best milli starfsmanna.

Mikil áhersla verður lögð á verkefnaskráninguna. Kynna á nýja ráðgjafarþakka fyrir bændur, tengda hinum ýmsu búgreinum. Hópar eru þegar byrjaðir á þessari vinnu. Markmiðið með ráðgjöfinni á ávallt að vera það, að hún nýtst bóndanum sem best.

Matarhlé

4. Afgreiðsla kjörbréfanefndar

Kristján Magnússon gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar.

Frá Búnaðarfélagi Hvalfjarðar:

Daníel Ottesen

Haraldur Benediktsson

Hannes Adolf Magnússon

Frá Búnaðarfélagi Skorradals:

Lárus Pétursson

Frá Búnaðarfélagi Andakílshrepps:

Sveinn Hallgrímsson

Jón Páll Blöndal

Frá Búnaðarfélagi Lundarreykjadal:

Árni Ingvarsson

Guðni Eðvarðsson

Frá Búnaðarfélagi Reykdæla:

Magnús Þór Eggertsson

Frá Búnaðarfélagi Hálsasveitar:

Enginn fulltrúi mættur

Frá Búnaðarfélagi Þverárþings:

Pétur Diðriksson

Jóhann Oddsson

Þórhildur Þorsteinsdóttir

Frá Búnaðarfélagi Mýramanna:

Sigurjón Helgason

Þorkell Fjeldsted

Ásgerður Pálsdóttir

Frá Búnaðarfélagi Kolbeinsstaðahrepps:

Kristján Magnússon

Albert Guðmundsson

Frá Búnaðarfélagi Eyja- og Miklaholtshrepps:

Þröstur Aðalbjarnarson

Gunnar Guðbjartsson

Frá Búnaðarfélagi Staðarsveitar:

Guðný H. Jakobsdóttir

Sigurjón Grétarsson

Frá Búnaðarfélagi Eyrarsveitar:

Jósef Ólafur Kjartansson

Oddur Hlynur Kristjánsson

Frá Búnaðarfélagi Helgafellssveitar:

Enginn fulltrúi mættur

Frá Búnaðarfélagi Hörðudals:

Svavar Magnús Jóhannsson

Frá Búnaðarfélagi Miðdala:

Guðmundur Pálmason

Guðbrandur Þorkelsson

Valberg Sigfússon

Frá Búnaðarfélagi Laxárdals:

Magnús Kristjánsson

Frá Búnaðarfélagi Hvammsfjarðar:

Rúnar Jónasson

Arnar Eysteinnsson

Samkvæmt kjörbréfum voru 30 fulltrúar mættir. Ekki komu fram athugasemdir við þessa fulltrúa og teljast þeir réttkjörnir.

Auk þess sátu fundinn eftirtaldir; Lárus Birgisson RML, Ingveldur H. Ingibrgsdóttir BV, Anton Torfi Bergsson BV, Helga Halldórsdóttir RML og Guðmundur Sigurðsson BV. Hallur Pálsson sem skoðunarmaður reikninga og fh. Félags kúabænda og Guðmundur Gunnarsson búnaðarþingsfulltrúi fh. dalamanna.

Aðrir gestir: Eiríkur Blöndal framkvæmdastjóri BÍ og Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri RML

5. Ársreikningur lagður fram

Helga Halldórsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri BV, kynnti niðurstöðu reksturs ársins 2012. Þar var rekstur ársins borinn saman við þá fjárhagsáætlun sem samþykkt var á síðasta aðalfundi. Helga skýrði frá því í hverju helstu frávikin lágu. Í starfsskýrslu framkvæmdastjóra sem fylgdi fundargögnum má sjá þann samanburð.

Þá fór Helga yfir framlagðan ársreikning og eru helstu niðurstöðutölur úr rekstrar- og efnahagsreikningum eftirfarandi:

Rekstrartekjur alls kr.: 133.928.944

Rekstrargjöld alls kr.: 135.335.321

Tap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld er kr.: (1.406.377)

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um kr.: (1.388.224)

Hagnaður dótturfélags BBV ehf. kr. 48.420

Tap ársins er kr.: (2.746.181)

Eignir samtals eru kr.: 57.071.991

Eigið fé er alls kr.: 18.438.327

Skuldir samtals kr.: 38.633.664

Skuldir og eigið fé samtals kr.: 57.071.991

Helga kynnti rekstrarreikning Bókhaldsþjónustu BV ehf. fyrir árið 2012.

6. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsmanna og um reikninga.

Hallur Pálsson skoðunarmaður reikninga þakkaði góða skýrslu og þakkaði fyrrverandi starfsmönnum BV góð störf. Hann fór yfir vinnu hans og Brynjólfs Guðmundssonar og að þeir hefðu yfirfarið reikninga og teldu þá rétta.

Haraldur Benediktsson þakkaði formanni BV, stjórn og starfsfólki og rakti sitt ferli í félagsmálum bænda í stuttu máli. Vildi vekja athygli á fundum BÍ um kjötmálin, innflutninginn og stöðu íslenskra kjötvara. Telur hann ákveðið öryggismál að halda okkar vörnum gegn frekari innflutingi og telur tollverndina vera mikið hagsmunamál fyrir bændur.

Haraldur fagnaði því mjög að á dagskránni væri liður um öryggismál bænda.

Porkell Fjeldsted kom með fyrirspurn um framkvæmd forðagæslu á næsta ári. Guðmundur Sigurðsson svaraði því að breytingar tækju gildi um næstu áramót. Ekki er hinsvegar vitað við hverja MAST kemur til með að semja varðandi framkvæmdina á búfjárefirlitinu.

7. Afgreiðsla reikninga

Fundarstjóri bar reikninga upp til samþykktar.

Reikningar BV fyrir árið 2012 samþykktir samhljóða.

8. Samstarfssamningur við Búnaðarsamband Vestfjarðar kynntur

Guðný Jakobsdóttir kynnti þann samning sem gerður hefur verið við Búnaðarsamband Vestfjarða

Samningur milli Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsamtaka Vesturlands.

Búnaðarsamtök Vesturlands (BV) og Búnaðarsamband Vestfjarða (BsV) gera með sér svofelldan samning um að BV annist þjónustu við bændur á svæðinu, eins og hér er nánar tiltekið:

1. Bændur á starfssvæði BsV hafa fullan aðgang að þeirri þjónustu sem BV veitir jafnt við aðra sem BV þjónar. Samningurinn felur í eftirfarandi þjónustu:
 - Nautgripasæðingar eins og verið hefur, samkvæmt samningi þar um.
 - Úttekt jarðabóta á starfssvæði BsV.
 - Aðstoð við umsóknir úr Bjargráðasjóði.
 - Aðstoð við umsóknir og úttektir vegna Framleiðnisjóðs landbúnaðarins
 - Aðstoð við aðilaskipti á greiðslumarki .
 - Önnur lögboðin verkefni sem búnaðarsamböndum er ætlað að sinna.
2. Bændasamtök Ísland (BÍ) greiða til BV það framlag sem er ætlað úr Búnaðarlagasamningi á starfssvæði BsV og er það framlag ætlað til úttekta.
3. BÍ greiðir til BV 80 % af búnaðargjaldi sem kemur í hlut BsV og er þeirri greiðslu ætlað að greiða þjónustu við bændur á svæði BsV sem veitt er frá þjónustumiðstöð BV, 20 % af gjaldinu rennur til BsV.
4. Gjaldskrá BV gildir að öðru leyti um unnin verkefni .
5. Framlög frá BÍ vegna nautgripa- og sauðfjársæðinga á svæði BsV renna öll til BV.
6. Þjónusta BV til bænda á starfssvæði BsV verður veitt frá þjónustumiðstöð BV á Hvanneyri með síma, tölvupósti, fréttabréfi og heimsóknum , eftir því sem henta þykir í hverju tilviki.
7. Samningur þessi gildir frá 1. maí 2013, og er gagnkvæmur uppsagnarfrestur samningsaðila 6 mánuðir. Stefnt er að endurskoðun samnings fyrir árslok 2014.
8. Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök, sem stjórnir BV og BsV undirrita, og heldur hvor samningsaðili sínu.

Samningurinn samþykktur samhljóða

9. Starfsumhverfi bænda – öryggismál og heilsuvernd

Guðmundur Hallgrímsson BV kynnti verkefnið.

Umræður: Kristján Magnússon ítrekaði mikilvægi þessa verkefnis og hvatti til þess að farið yrði í það. Þá sagði sína eigin reynslusögu.

Sveinn Hallgrímsson tók til máls og þakkaði Haraldi Benediktssyni fyrir sín störf í þágu bænda gegnum árin. Velti fyrir sér vatnsveitumálum sem og brunavörnum bænda almennt og spurði hver bæri ábyrgð á brunavörnum til sveita.

Guðmundur Hallgrímsson svaraði Sveini, að sveitarfélögin væru skyldug til að sjá um brunavarnir en misjafnt hvernig það væri útfært.

10. Tillögur lagðar fram.

Tillaga frá stjórn BV um ráðstöfun búnaðargjalds

Guðný las upp tillöguna, ásamt greinargerð

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands, haldinn að Hótel Brú 11. apríl 2013, veitir stjórn BV fulla heimild til að ganga frá samkomulagi um skiptingu búnaðargjalds í samræmi við bréf frá Bændasamtökum Íslands dagsettu 19. febrúar 2013 og ályktun nr. 34 frá Búnaðarþingi 2013 um sama mál.

Greinargerð:

Búnaðargjald búnaðarsambanda og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf.

Nú stendur yfir endurskipulagning leiðbeiningaþjónustu í landinu í þeim tilgangi að mæta breyttum aðstæðum, efla og bæta þjónustuna og hagræða í rekstri. Endurskipulagningin byggist á stefnumótun búnaðarþinga 2011 og 2012 sem og aukabúnaðarþings árið 2012. Leiðbeiningaþjónusta í landbúnaði hefur verið sameinuð á landsvísi með stofnun einkahlutafélagsins Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins ehf. (RML), sem er að fullu í eigu Bændasamtaka Íslands. Þessar breytingar á leiðbeiningaþjónustu í landbúnaði eru grundvallaðar á breytingum á búnaðarlögum. Meginmarkmið breytinganna eru, að allir bændur landsins eigi kost á sambærilegri ráðgjöf án tillits til búsetu eða búgreinar. Með breytingunum er einnig stefnt að því að tryggja hagkvæma nýtingu opinberra fjármuna. Skipting búnaðargjalds milli Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda og búgreinafélaga hefur m.a. verið grundvölluð á verkefnum sem viðkomandi aðilar sinna. Með þeirri grundvallarbreytingu sem hefur átt sér stað við yfirfærslu leiðbeiningaþjónustu í landbúnaði til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins frá búnaðarsamböndunum og Bændasamtökum Íslands verður óhjákvæmilega breyting á skiptingu búnaðargjalds. Tekjur af búnaðargjaldi hafa að stórum hluta runnið til verkefna sem eru beinlínis leiðbeiningaþjónusta eða nátengd slíkri þjónustu við bændur. Stór hluti verkefna bæði Bændasamtaka Íslands og búnaðarsambandanna hafa því verið flutt yfir í hið nýja félag. Hins vegar er ljóst að Bændasamtök Íslands og búnaðarsamböndin munu áfram sinna tilteknum lögboðnum verkefnum og því réttlætandi að ákveðinn hluti búnaðargjaldsins verði eftir hjá þeim. Samkvæmt framansögðu eru forsendur skiptingar búnaðargjalds breyttar og þarf ný tillaga að skiptingu bæði að miðast við nýtt skipulag leiðbeiningaþjónustu í landbúnaði en auk þess þarf hún að samræmast niðurstöðum Lagastofnunar Háskóla Íslands.

Um hlutfallslega skiptingu búnaðargjalds milli Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda, búgreinafélaga og Bjargráðasjóðs er fjallað í viðauka við lög nr. 84/1997, um búnaðargjald. Viðaukinn er svohljóðandi, sbr. lög nr. 120/2005, um breytingu á lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997:

Afurðir	Bændasamtök Íslands	Búnaðar-sambönd	Búgreina-samtök	Bjargráða-sjóður	Alls
Nautgripaafurðir	0,35	0,50	0,30	0,05	1,20
Sauðfjárafurðir	0,40	0,50	0,15	0,15	1,20
Hrossaafurðir	0,40	0,40	0,35	0,05	1,20
Svínaafurðir	0,15	0,10	0,65	0,30	1,20
Alifuglakjöt	0,15	0,10	0,20	0,75	1,20
Egg	0,15	0,10	0,75	0,20	1,20
Kartöflur, rófur	0,35	0,10	0,60	0,15	1,20
Grænmeti, blóm	0,35	0,10	0,75	0,00	1,20
Grávara	0,40	0,10	0,70	0,00	1,20
Æðardúnn	0,40	0,10	0,55	0,15	1,20
Skógarafurðir	0,35	0,10	0,75	0,00	1,20

Lagt er til að búnaðarsamböndin haldi eftir 7,5 punktum (0,075) af hverri búgrein en það sem umfram er renni til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins ehf. og verði þar ráðstafað til þess að reka leiðbeiningaþjónustu í landbúnaði og skyld verkefni. Lagt er til að fyrirkomulag við ráðstöfun búnaðargjalds verði þannig að Bændasamtök Íslands, sem verður áfram viðtakandi búnaðargjalds frá Fjársýslu ríkisins, og hvert og eitt búnaðarsamband geri samning um framsal búnaðargjalds sem fer

umfram áður nefnda 7,5 punkta. Bændasamtökin munu þá halda eftir því sem umfram er og ráðstafa þeim fjármunum til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins ehf. en ráðstafa áður nefndum 7,5 punktum til búnaðarsambandanna. Þá er lagt til að Bændasamtökin leggi RML til 10 punkta af þeim búgreinum sem taka þátt í skýrsluhaldi innan skýrsluhaldsgrunna BÍ, þ.e. nautgriparrækt, sauðfjárrækt og hrossarækt. Af öðrum greinum leggi Bændasamtökin til RML 15 punkta (0,15). Þó haldi BÍ aldrei minna en 5 punktum (0,05) búnaðargjalds fyrir hverja búgrein. Stuðst verður við framangreint fyrirkomulag við hlutfallslega skiptingu tekna af búnaðargjaldi strax árið 2013. Um framangreinda ráðstöfun búnaðargjalds þurfa Bændasamtök Íslands og búnaðarsamböndin að gera samning, formsins vegna, en eins og áður hefur komið fram verður stuðst við fyrirkomulagið nú á árinu 2013. Það er ljóst að ákvæði laga um búnaðargjald hefðu þurft endurskoðunar við, samhliða breytingum á búnaðarlögum sem Alþingi hefur þegar samþykkt. Samkvæmt lögum er búið að leggja niður tvískiptingu á leiðbeiningaþjónustu, á landsvísu og héraðsþjónustu. Mikilvægt er að uppfylla ákvæði og skyldur búnaðarlaga og verður því að hafa þennan hátt á. Leiðbeiningaþjónustuskyldunni er nú létt af búnaðarsamböndum og því ekki um að ræða að búnaðargjaldi verði ráðstafað til hennar. Áhersla er enn lögð á að þetta fyrirkomulag á skiptingu fjármuna verði til endurskoðunar, í síðasta lagi eftir fyrsta starfsár, en þá verður að skoða alla þætti í samhengi, svo sem leigu fyrir aðstöðu RML, á mótí skiptingu tekna og annara liða. Sala á þjónustu mun hins vegar ráða mestu um framtíðarskiptingu á fjármunum. Breyting á lögum um búnaðargjald mun því verða markvissari er líður á árið.

Tillaga frá stjórn BV um stjórnarlaun.

Tillaga frá Búnaðarfélagi Helgafellssveitar:

„Aðalfundur Bún.Helgafellssveitar haldinn þann 9.apríl mótmælir harðlega að ekki skuli eiga að halda við varnargirðingu úr Álfafirði suður að Skógarnesi (Snæfellsnesgirðingu). Fundarmönnum finnst að fullkomið ábyrgðarleysi af hálfu MAST að vernda ekki þau hól sem eru hrein“.

Tillaga frá Búnaðarfélagi Lundarreykjadal:

„Aðalfundur Bún.Lundarreykjadal haldinn í Brautartungu 23.mars 2013 átelur harðlega þær fyrirætlanir MAST að hætta öllu viðhaldi og endurnýjun sauðfjárveikvarnargirðinga á komandi sumri. Fundurinn bendir á mikilvægi þess að hindra útbreiðslu riðu og annarra búfjárjúkdóma með öllum tiltækum ráðum. Stutt er síðan varnarhólfum var fækkað og varnarlínur aflagðar m.a. með þeim rökum að auðveldara verði að viðhalda þeim sem eftir stæðu. Fundurinn lýsir fullri ábyrgð á hendur MAST vegna þess tjóns sem þessar aðgerðir hafa á hag og afkomu bænda“

Tillaga frá Búnaðarfélagi Laxárdals:

„Aðalfundur Búnaðarfélags Laxárdals haldinn 26.mars mótmælir að ekki skuli ætlaðir fjármunir til viðhalds sauðfjárveikivarnarlína. Skorað er á stjórnvöld að leggja fjármagn í viðhald sauðfjárveikivarnarlína landsins. Mikilvægt er vegna heilbrigðissjónarmiða að viðhalda línunum svo hægt sé að verja hrein svæði fyrir sjúkdómum“

Tillaga frá Búnaðarfélagi Staðarsveitar:

„Ályktun til aðalfundar BV frá Bún.Staðarsveitar 22.mars 2013

Félagsmenn í Bún.Staðarsveitar hafa fengið sig fullsadda af óviðunandi netsambandi á sunnanverðu Snæfellsnesi og krefjast tafarlausra úrbóta“

11. Nefndastörf

Búfjárræktarnefnd:

Sveinn Hallgrímsson - formaður

Jón Páll Blöndal
Rúnar Jónasson
Kristján Magnússon
Ásgerður Pálsdóttir
Pröstur Aðalbjarnarson
Hannes Adolf Magnússon

Allsherjarnefnd:

Daníel Ottesen - formaður
Svavar M. Jóhannsson
Valberg Sigfússon
Guðbrandur Þorkelsson
Þorkell Fjeldsted
Lárus Pétursson
Jósef Ólafur Kjartansson
Magnús Þór Eggertsson

Fjárhagsnefnd:

Pétur Diðriksson - formaður
Haraldur Benediktsson
Magnús Kristjánsson
Sigurjón Helgason
Guðni Eðvarðsson

Jarðræktar- og umhverfisnefnd:

Albert Guðmundsson – formaður
Sigurjón Grétarsson
Arnar Eysteinnsson
Árni Ingvarsson
Guðmundur Pálmason
Jóhann Oddsson
Gunnar Guðbjartsson
Oddur Hlynur Kristjánsson

12. Afgreiðsla mála

Allsherjarnefnd

Daníel Ottesen flutti tillögur nefndarinnar.

*Aðalfundur BV haldinn að Hótel Brú 11.apríl 2013 mótmælir skertri pósthjónustu í dreifbýli. Færsla póstkassa frá húsi að tengi- eða stofnvegi veldur íbúum óhagræði, sérstaklega þar sem vegalengdin getur skipt kílómetrum. Til máls um tillöguna tóku, Sveinn Hallgrímsson, Kristján Magnússon, Torfi Bergsson og Arnar Eysteinnsson - **Samþykkt með meginþorra atkvæða gegn 1***

*Aðalfundur BV haldinn að Hótel Brú 11.apríl 2013 hvetur Bændasamtök Íslands til áframhaldandi baráttu fyrir eflingu fjarskipta á landsbyggðinni. Víða er fjarskiptum ábótavant og t.a.m. hafa íbúar á sunnanverðu Snæfellsnesi fengið sig fullsadda af óviðunandi netsambandi. Tillöguna ræddu Kristján Magnússon og Haraldur Benediktsson sem sagði frá hugmyndum Mílu um að ljósleiðaravæða öll sveitabýli í landinu. Hann nefndi einnig þrífásavæðingu rafmagns. - **Samþykkt samhljóða***

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Brú 11.apríl 2013 hvetur aðildarfélög samtakanna til að auka hlut kvenna í stjórnnum búnaðarfélaga og sem fulltrúa á aðalfund samtakanna. Hallur Pálsson ræddi tillöguna - **Samþykkt samhljóða**

Búfjárræktarnefnd

Þröstur Aðalbjarnarson og Kristján Magnússon fluttu tillögur nefndarinnar

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Brú 11.apríl 2013 felur stjórn BV að kanna möguleika á samræmdu veflægu pöntunarkerfi fyrir sauðfjársæði í samstarfi við BSSL. - **Samþykkt samhljóða**

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Brú 11.apríl 2013 teljur það skyldu samkvæmt lögum að Matvælastofnun/ríkisvaldið haldi skilyrðislaust við þeim varnargirðingum sem nú þegar eru viðurkenndar. Tillöguna ræddu Sveinn Hallgrímsson, Árni Ingvarsson, Þröstur Aðalbjarnarson og Guðbrandur Þorkelsson –**Samþykkt samhljóða.**

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Brú 11.apríl 2013 hvetur alla jarðaeigendur til að nýta sér markvissa beitarstjórnun til að hindra sinumyndun og þar af leiðandi eldhættu. Pétur Diðriksson ræddi tillöguna – **Samþykkt samhljóða**

Jarðræktar- og umhverfisnefnd

Albert Guðmundsson flutti tillögur jarðræktar- og umhverfisnefndar

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Brú 11.apríl 2013 samþykkir að BV haldi áfram með verkefni um starfsumhverfi, öryggis-og heilsuvernd. – **Samþykkt samhljóða**

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Brú 11.apríl 2013 krefst þess að Matvælastofnun sinni þeirri skyldu sinni að hreinsa upp aflagðar varnargirðingar eða semji við bændur um að taka við þeim.
- **Samþykkt samhljóða**

Fjárhagsnefnd

Pétur Diðriksson flutti tillögur fjárhagsnefndar:

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Brú 11.apríl 2013 samþykkir að árgjald vegna yfirstandandi árs verði kr. 3.000 á gjaldskyldan félag. – **Samþykkt samhljóða**

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Brú 11.apríl 2013 samþykkir að laun stjórnar og nefndarmanna verði eftirfarandi:

Formaður kr. 150.000 á ári og kr 10.000 á fund.

Aðrir stjórnarmenn kr. 50.000 á ári og kr 10.000 á fund. (greitt var sérstaklega atkvæði um þennan lið. Samþykkt með meirihhluta).

Varamaður stjórnarmanns fái kr. 10.000 á fund.

Skoðunarmenn reikninga kr. 15.000.

Auk framangreindra launagreiðslna verði greiddur akstur samkvæmt aksturstaxta ríkisins.

Fulltrúar á aðalfundi fái greiddan akstur.

Greiðsla fyrir setu á aðalfundi er ½ dagpeningur en 1. apríl 2013 er ½ dagpeningur á

dagpeningataxta ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands kr 9.920

Tillöguna ræddu Þröstu Aðalbjarnarson og Valberg Sigfússon.

- **Samþykkt samhljóða**

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Brú 11.apríl 2013 samþykkir fjárhagsáætlun fyrir árið 2013

Fjárhagsáætlun 2013

Rekstrartekjur		
	Seld þjónusta	77.305.000
	Starfsfé	11.184.398
		88.489.398
Rekstrargjöld		
	Rekstrarvörur	14.850.000
	Laun og launatengd gjöld	45.950.000
	Bifreiða- og ferðakostnaður	12.700.000
	Annar rekstrarkostnaður	10.070.000
	Afskriftir	4.500.000
Samt.		88.070.000
	Afgangur	419.398

Fjárhagsáætlunina ræddu Guðmundur Sigurðsson, Þröstur Aðalbjarnarson, Guðný H. Jakobsdóttir, Pétur Diðriksson og Torfi Bergsson.

-Samþykkt samhljóða

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands, haldinn að Hótel Brú 11. Apríl 2013, veitir stjórn BV fulla heimild til að ganga frá samkomulagi um skiptingu búnaðargjalds í samræmi við bréf frá Bændasamtökum Íslands dagsettu 19. febrúar 2013 og ályktun nr. 34 frá Búnaðarþingi 2013 um sama mál. – Samþykkt samhljóða

13. Kosning stjórnar og varastjórnar

a) **Kosning formanns án svæðabindingar.**

Greidd voru atkvæði og féllu þau þannig: Guðný Jakobsdóttir 26 atkvæði og auðir voru 3. **Svæðabundin kosning í stjórn BV. Fulltrúar úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu kjósa 2 stjórnarmenn, fulltrúar úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 1 stjórnarmann og fulltrúar úr Dalasýslu kjósa 1 stjórnarmann.**

Úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Daníel Ottesen og Þórhildur Þorsteinsdóttir

Úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu: Kristján Magnússon

Úr Dalasýslu: Valberg Sigfússon

Kosning varamanns sem tekur sæti í stjórn í forföllum formanns, án svæðabindingar.

Kosin var Halla Steinólfsdóttir Ytri-Fagradal sem tekur sæti í forföllum formanns.

b) **Kosning varamanna annarra stjórnarmanna, svæðabundin.**

Úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Einar Örnólfsson Sigmundarstöðum og Guðbrandur Guðbrandsson Staðarhrauni.

Úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu: Gunnar Guðbjartsson Hjarðarfelli.

Úr Dalasýslu: María G.Líndal Neðri-Hundadal.

14. Kosning skoðunarmanna og endurskoðanda

- a) **Kosning tveggja skoðunarmanna og varamanna þeirra:**
Skoðunarmenn reikninga, Hallur Pálsson og Brynjólfur Guðmundsson.
- b) Til vara, Sigurður Jakobsson og Böðvar Bjarki Magnússon.
- c) **Kosning löggilts endurskoðanda:** Halldór Arason hjá Deloitte.

15. Önnur mál

Porkell Fjeldsted tók til máls og talaði um heimsóknir frá Vinnueftirlitinu og gagnrýndi að það hafi vantað eftirfylgni þar. Talaði um verkefni „Opinn landbúnað“ og „Bændur bjóða heim“ og fannst einnig vanta að það væri einhver eftirfylgni með þeim verkefnum líka af hálfu Bændasamtakanna.

16. Fundarslit. Guðný H. Jakobsdóttir þakkaði það traust sem henni var sýnt með endurkjöri og óskaði stjórnarmönnum til hamingju með kjörið. Þakkaði hún góða fundarstjórn og riturum fyrir störf sín. Þá óskaði hún fundarmönnum góðrar heimferðar og sleit fundi.

Fundi slitið. Kl.17.02

Fundarritarar:

Anton Torfi Bergsson

Ingveldur H. Ingibergsdóttir

Lárus G. Birgisson